

4. Ekki er heimilt að taka lán erlendis eða fá greiðslufrest til lengri tíma en eins árs nema með samþykki ríkisstjórnarinnar. Þeir, sem hyggjast taka slík lán eða fá slíkan greiðslufrest, skulu afhenda umsóknir um það til viðskiptaráðuneytisins.
5. Framangreind ákvæði um lán og endurgreiðslufrest vegna vörukaupa, gilda á hliðstæðan hátt um lán eða greiðslufrest vegna annars en vörukaupa.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felldar auglýsingar ráðuneytisins nr. 5 3. febrúar 1972 og nr. 491 24. nóvember 1975 um innflutning með greiðslufresti.

Viðskiptaráðuneytið, 3. mars 1976.

Ólafur Jóhannesson.

Björgvin Guðmundsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Verðlaunasjóð iðnaðarins, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 26. mars 1976.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Verðlaunasjóð iðnaðarins.

1. gr.

Nafn, heimili.

Sjóðurinn heitir Verðlaunasjóður iðnaðarins. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Tilgangur.

Tilgangur sjóðsins er að örva til dáða á sviði iðnaðarmála og jafnframt að vekja athygli á þeim afrekum, sem unnin hafa verið og unnin verða á því sviði.

Þessum tilgangi skal leitast við að ná m. a. með því að veita verðlaun, helst árlega, manni eða fyrirtæki, er unnið hefur eitthvað í þágu íslensks iðnaðar, er verðlaunavert bykir að dómi sjóðsstjórnar.

Stofnframlag sjóðsins er af gefendum helgað minningu þeirra fjölmörgu hugvits- og hagleiksmanna, sem fyrr og síðar hafa lifað og starfað á Íslandi, og misjafnrar umbunar notið fyrir verk sín.

3. gr.

Stjórn.

Stjórn sjóðsins skal skipuð 4 mönnum tilnefndum af eftirgreindum aðilum og skal útnefningin gilda til fjögurra ára. Sömulleiðis útnefning varamanna.

1. Einum manni tilnefndum af stjórn Últímu h/f svo lengi, sem það fyrirtæki er við lýði. Eftir það af þeim aðila, er stjórn sjóðsins telur rétt að komi í hans stað.
2. Einum manni tilnefndum af Iðnaðarbanka Íslands h/f.
3. Einum manni tilnefndum af stjórn Félags íslenskra iðnrekenda.
4. Einum manni tilnefndum af Lands sambandi iðnaðarmanna.

Stjórnin kýs sér formann, sem jafnframt er framkvæmdastjóri sjóðsins. Ef atkvæði eru jöfn, ræður atkvæði formanns.

4. gr.**Um stofnfé.**

Upphaflegt stofnfé sjóðsins er framlag, sem Últíma h/f gefur til stofnunar sjóðsins, 35 árum eftir stofnun þess fyrirtækis. Stofndagur sjóðsins telst 3. mars 1976.

Sjóðstofnunin var ákveðin með fundarsamþykkt í stjórn Últímu h/f þann 10. október 1975 og staðfest á hluthafafundi sama félags þann 3. mars 1976.

Til þess er ætlast af gefendum, að verðlaunaafhending úr sjóðnum fari fram árlega hinn 3. mars, eða í nánd við þá dagsetningu.

Stofnféð er nýrri hluti húseignar Últímu h/f í Kópavogi, það er vestara húsið að Skeljabrekku 4. Bygging þessi er 162 fermetrar að flatarmáli, aðalhæð auk kjallara. Brunabótamat í ársbyrjun 1976 er kr. 10 457 000,00 — tíu milljónir fjögur hundruð fimmtíu og sjö þúsund krónur —.

Á eigninni hvíla engin veðbönd.

Verðlaunasjóður iðnaðarins nýtur arðs af eigninni frá 1. mars 1976 og greiðir frá sama tíma öll gjöld af eigninni.

Sjóðurinn tekur á móti gjöfum og áheitum. Sé um minningargjafir að ræða, sem verulegum upphæðum nema, skal fara nöfn gefenda og þeirra, er minnst skal með gjöfunum, inn í gjörðabók sjóðsins, svo og í fylgirit, er fylgi með til þeirra, er verðlaun hljóta úr sjóðnum hverju sinni.

Sjóðsstjórn skal annast um eignir sjóðsins og ávaxta lausafé hans. Skal það jafnan varðveitt hjá Iðnaðarbanka Íslands h/f.

Stofnfé sjóðsins má ekki skerða.

Ekki skal taka á móti umsóknum um verðlaun úr sjóði þessum, en ábendingar til sjóðsstjórnarmanna eru að sjálfsögðu þegar.

Við val verðlaunaþega skal eftirgreint haft í huga:

1. Verðlaun skal giarnan veita fyrir uppfinningar, sem líklegar teljast til að koma íslenskum iðnaði að gagni.
2. Verðlaun má einnig veita einstaklingum og fyrirtækjum fyrir happadrjúga forystu í uppbyggingu iðnaðar, hvort sem er til innanlands nota eða til sölu erlendis, eða fyrir forystu á sviði iðnaðarmála almennt.
3. Verðlaun má veita fyrir sérlega vel gerða iðnaðarframleiðslu t. d. sem fram kynni að koma á iðnsýningum eða kaupstefnum.
4. Verðlaun má einnig veita fyrir hönnun, sem er sérlega vel heppnuð að dómi sjóðsstjórnar.

Ofangreind upptalning er gerð til leiðbeiningar fyrir sjóðsstjórnina um það, hvað fyrir stofnendum vakti með sjóðsstofnuninni.

5. gr.**Verðlaunaafhending.**

Verðlaun skulu afhent í formi peningaupphæðar. Verðlaunum skal fylgja skjal heft inn í skinnband, þannig gert, að það megi hengja á vegg og komi fram á forsiðu hverjum verðlaunin eru veitt og fyrir hvað, ásamt undirskrift sjóðsstjórnar.

Að öðru leyti ákveður sjóðsstjórnin hverju sinni tilhögun verðlaunaafhendingar.

6. gr.**Sjóðsslit.**

Ef eitthvað það ber að höndum, er veldur því, að sjóðurinn verði með samþykkt sjóðsstjórnar lagður niður, þá skulu eignir hans renna til viðurkenndrar líknairstofnunar samkvæmt ákvörðun sjóðsstjórnarinnar.

7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.